



**Sjúkratryggingar  
Íslands**

## Reynsla og áhrif greiðslupáttökukerfisins á greiðslur sjúkratryggðra

ÚTTEKT TVEIMUR ÁRUM EFTIR GILDISTÖKU

Skýrsla unnin í júní 2019 af Ernu Geirsdóttur og Heiðu Lind Baldvinsdóttur skv. beiðni Heilbrigðisráðuneytisins frá 20. mars 2019.

## Efnisyfirlit

<b>ÁHRIF GREIÐSLUÞÁTTTÖKUKERFISINS Á HEILDARÚTGJÖLD FYRSTU TVÖ ÁRIN EFTIR GILDISTÖKU .....</b>	<b>1</b>
<i>Orðskýringar .....</i>	<i>1</i>
HEILDARÚTGJÖLD VEGNA HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU .....	2
ENDURGREIÐSLUR .....	3
<b>KLÍNÍSKIR SÉRGREINALÆKNAR.....</b>	<b>5</b>
ALLAR SÉRGREINAR .....	5
SKIPTING NIÐUR Á SÉRGREINAR .....	7
SKIPTING EFTIR STÖÐU EINSTAKLINGA .....	10
<i>Almennir.....</i>	<i>10</i>
<i>Lífeyrisþegar.....</i>	<i>12</i>
<i>Börn.....</i>	<i>13</i>
<b>SJÚKRAÞJÁLFUN .....</b>	<b>14</b>
PRÓUN KOMA EINSTAKLINGA Í SJÚKRAÞJÁLFUN .....	14
KOSTNAÐARÞÁTTTAKA ÚR SJÚKRATRYGGINGUM VEGNA SJÚKRAÞJÁLFUNAR .....	15
SKIPTING EFTIR STÖÐUM EINSTAKLINGA .....	16
<i>Almennir.....</i>	<i>16</i>
<i>Lífeyrisþegar.....</i>	<i>17</i>
<i>Börn.....</i>	<i>18</i>
<b>GREIÐSLUÞÁTTTAKA EINSTAKLINGA Í HEILD VEGNA ÞJÓNUSTU SEM SÍ Hafa SAMIÐ UM OG ÞJÓNUSTU SJÚKRAHÚSA OG HEILSUGÆSLU.....</b>	<b>19</b>
HEILDARÚTGJÖLD EINSTAKLINGA .....	19
KOMUR EINSTAKLINGA .....	20
MEÐALÚTGJÖLD EINSTAKLINGA .....	21
SKIPTING MEÐALÚTGJALDA EINSTAKLINGA EFTIR STÖÐU EINSTAKLINGS. ....	21
<i>Almennir.....</i>	<i>21</i>
<i>Lífeyrisþegar.....</i>	<i>22</i>
<i>Börn.....</i>	<i>23</i>
MEÐALÚTGJÖLD Á KOMUR EINSTAKLINGA.....	24
<i>Meðalútgjöld fyrir hverja komu .....</i>	<i>24</i>
<i>Meðalútgjöld fyrir hverja komu eftir stöðu .....</i>	<i>24</i>
HÁMARKSGREIÐSLUR EINSTAKLINGA.....	26

## Áhrif greiðslupáttökukerfisins á heildarútgjöld fyrstu tvö árin eftir gildistöku

Í júní 2016 var samþykkt frá Alþingi breytt greiðslupátttaka sjúkratryggðra fyrir heilbrigðisþjónustu með breytingu á lögum nr. 112/2008. Samhliða þeim var sett reglugerð um greiðslupátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, gildandi reglugerð nr. 1251/2018.

Í þessari skýrslu eru áhrif greiðslupáttökukerfisins á heildarútgjöld sjúkratrygginga og einstaklinga skoðuð fyrstu tvö árin eftir gildistöku kerfisins.

Töluverðar breytingar urðu á heildarútgjöldum og kostnaðarpátttöku sjúkratrygginga vegna heilbrigðisþjónustu sem fellur undir greiðslupáttökukerfið fyrstu tólf mánuðina eftir gildistöku þess. Ekki hafa orðið miklar breytingar á seinna ári kerfisins.

### Orðskýringar

*Almennir:* Sjúkratryggðir einstaklingar á aldrinum 18 - 67 ára, sem ekki þiggja lífeyri.

*Öryrkjar:* Sjúkratryggðir einstaklingar sem metnir hafa verið til a.m.k. 75% örorku af Tryggingastofnun ríkisins eða hafa samþykktan a.m.k. 75% endurhæfingarlífeyri.

*Aldraðir:* Sjúkratryggðir einstaklingar 67 ára og eldri og sjómenn 60 ára og eldri sem stundað hafa sjómennsku í 25 ár eða lengur.

*Börn:* Sjúkratryggðir einstaklingar yngri en 18 ára.

*Staða einstaklings:* Vísar til þess hvort að einstaklingur sé almennur, öryrki, aldraður eða barn.

*Kerfið:* Greiðslupáttökukerfi fyrir heilbrigðisþjónustu.

*Greiðslustaða einstaklings:* Sú greiðsla sem einstaklingi ber að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu m.v. stöðu sína í greiðslupáttökukerfinu.

Sú heilbrigðisþjónusta sem fellur undir greiðslupáttökukerfið er klínísk sérfræðilæknisþjónusta, sjúkra-, iðju- og talþjálfun, þjónusta á sjúkrahúsum<sup>1</sup>, heilsugæslum og öðrum heilbrigðisstofnunum, rannsóknir, geisla- og myndgreiningar, ljósaböð og sálfræðiþjónusta barna

Til þess að borin séu saman sambærileg tímabil við ofangreinda skoðun er annars vegar miðað við samsett ár frá gildistöku kerfisins og hins vegar við heilt ár í eldra afsláttarkortakerfi. Í afsláttarkortakerfinu var veittur afsláttur af heilbrigðisþjónustu þegar einstaklingur hafði greitt ákveðna upphæð innan almanaksárs fyrir heilbrigðisþjónustu fram til næstu áramóta. Þá voru greiðslur vegna læknisþjónustu og þjálfunar aðskildar í eldra kerfi en telja nú saman upp í greiðslupátttöku einstaklinga.

Upphaf fyrra samsetta ársins miðast við gildistöku kerfisins þann 1. maí 2017 og lýkur 30. apríl 2018 (hér eftir fyrri tímabilið eða 2017/18). Seinna samsetta árið hefst þann 1. maí 2018 og lýkur 30. apríl 2019 (hér eftir seinna tímabilið eða 2018/19).

Í fyrri hluta skýrslunnar er kostnaðarpátttaka sjúkratrygginga vegna þjónustu sem fellur undir greiðslupáttökukerfið skoðuð. Þar eru fjárhæðir á verðlagi hvers árs. Í seinni hluta skýrslunnar þar sem að skoðuð eru


---

<sup>1</sup> Undir þjónustu á sjúkrahúsum fellur; i) koma á slysadeild og bráðamóttöku, ii) koma á dag- eða göngudeild vegna þjónustu annarra en sérgreinalækna, iii) koma til samningsbundinna sérfræðinga utan sjúkrahúsa og á göngudeild og iv) rannsóknir, geisla- og myndgreiningar og beinþéttmælingar sem gerðar eru á sjúkrahúsum.

útgjöld einstaklinga fyrir heilbrigðisþjónustu sem fellur undir kerfið eru fjárhæðir miðaðar við verðlag í apríl 2019, 50% miðast við launavísitölu og 50% við vísitölu neysliverðs.

## Heildarútgjöld vegna heilbrigðisþjónustu

Heildarútgjöld<sup>2</sup> vegna þeirrar þjónustu sem fellur undir greiðsluþátttökukerfið hafa aukist nokkuð jafnt á milli ára frá árinu 2014 fram að gildistöku kerfisins, eða að meðaltali um 10 - 13% á ári. Hækkun heildarútgjalda frá gildistöku kerfisins er um 2,9 milljarða (17%) en hækkunin á milli síðustu tveggja tímabila er minni eða tæpur milljarður (5%), sjá töflu 1-1 og mynd 1-1. Sé miðað við fast verðlag aukast heildarútgjöld um 6% frá gildistöku, sjá töflu 1-2.



Mynd 1-1.

Heildarútgjöld fyrir þjónustu sem fellur undir greiðsluþátttökukerfið á árunum 2014 – 2018/19.

Fyrir gildistöku greiðsluþátttökukerfisins hafði útgjaldaaukning á kostnaði sjúkratrygginga vegna heilbrigðisþjónustu sem nú fellur undir kerfið verið um 10 - 14%. Frá gildistöku kerfisins hafa útgjöld sjúkratrygginga aukist um 30% á ársgrundvelli, mesta hækkunin varð á fyrstu tólf mánuðunum eftir gildistöku þess (23%), sjá töflu 1-1. Sé miðað við fast verðlag hafa útgjöld sjúkratrygginga aukist um 17%, sjá töflu 1-2.

Hlutfall sjúkratrygginga í heildarútgjöldum vegna þjónustunnar var 74% á árunum 2014 – 2016. Það hlutfall hækkaði í 82% við gildistöku kerfisins og hefur það hlutfall haldist óbreytt, sjá töflu 1-1 og mynd 1-2.


<sup>2</sup> Heildarútgjöld eru samanlögð kostnaðarþátttaka sjúkratrygginga og greiðsluþátttaka einstaklinga, miðað er við bókhaldstölur.

Tafla 1-1. Heildarútgjöld og hluti sjúkratrygginga í útgjöldum fyrir þjónustu sem fellur undir greiðsluþáttökukerfið, m.v. bókhaldsdagsetningu.

	Lækniskostnaður og þjálfun			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18 - 2018/19	2016 - 2018/19
<b>Heildarupphæð</b>	17.183.944.812	19.199.200.488	20.162.242.325	5%	17%
<b>Hluti sjúkratrygginga</b>	12.707.579.801	15.697.419.227	16.497.890.671	5%	30%
<b>Hlutfall sjúkratrygginga</b>	74%	82%	82%	0%	11%

Tafla 1-2. Heildarútgjöld og hluti sjúkratrygginga í útgjöldum fyrir samningsbundna þjónustu sem fellur undir greiðsluþáttökukerfið, m.v. bókhaldsdagsetningar. M.v. fast verðlag í apríl 2019 (lvt.50% og nvt 50%).

	Lækniskostnaður og þjálfun			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18- 2018/19	2016 - 2018/19
<b>Heildarupphæð</b>	19.422.031.535	20.492.880.896	20.594.815.555	0%	6%
<b>Hluti sjúkratrygginga</b>	14.362.651.785	16.755.142.632	16.851.846.632	1%	17%
<b>Hlutfall sjúkratrygginga</b>	74%	82%	82%	0%	11%



Mynd 1-2.

Kostnaðarþátttaka sjúkratrygginga fyrir þjónustu sem fellur nú undir greiðsluþáttökukerfið frá 2014 til 2018/19.


Aukning verður á kostnaðarþátttöku sjúkratrygginga við gildistöku nýs kerfis, ekki verður jafn mikil breyting á milli síðustu tveggja tímabila.

## Endurgreiðslur

Almennt eru ekki til staðar rauntímasamskipti við veitendur heilbrigðisþjónustu, að undanskyldum sjúkra-, tal- og iðjuþjálfurum. Af þeim sökum uppfærast greiðslustaða einstaklinga ekki jafnóðum og þjónusta er veitt. Að jafnaði líða 1 – 16 sólahringar frá því að einstaklingur sækir sér heilbrigðisþjónustu þangað til greiðslustaða hans uppfærast í greiðsluþáttökukerfinu. Sæki einstaklingur sér heilbrigðisþjónustu innan áðurnefndra tímamarka tekur greiðslustaða hans ekki mið af fyrri komu þegar krafið er um greiðslu fyrir þjónustuna. Af

þeim sökum geta einstaklingar greitt fullt greiðsluþátttökuverð fyrir heilbrigðisþjónustu sem þeir áttu rétt á að fá afslátt af eða átti þeim að vera jafnvel að kostnaðarlausu. Sjúkratryggingar endurgreiða einstaklingum inneignir vegna ofangreinds með reglubundnum hætti, en þrátt fyrir það getur nokkur tími liðið frá því að einstaklingur ofgreiðir og þar til að honum berst endurgreiðsla. Væru til staðar rauntímasamskipti við alla veitendur heilbrigðisþjónustu líkt og lagt var upp með við gildistöku kerfisins myndu einstaklingar nánast undantekningarlaust greiða rétt verð fyrir þjónustu m.v. greiðslustöðu sína. Einstaklingar myndu þ.a.l. ekki þurfa að greiða umfram greiðslumark sitt innan mánaðar og vænta svo endurgreiðslu úr sjúkratryggingum.

Endurgreiddar voru um 677 milljónir til einstaklinga á fyrra tímabilinu, þar af námu endurgreiðslur úr sjúkratryggingum vegna ósamningsbundinnar þjónustu við SÍ um 164 milljónum (24%). Á seinna tímabilinu voru endurgreiddar um 450 milljónir og þar af námu endurgreiðslur vegna ósamningsbundinnar þjónustu um 195 milljónum (43%).<sup>3</sup> Frá gildistöku greiðsluþátttökukerfisins nema því heildarendurgreiðslur til einstaklinga vegna ósamningsbundinnar þjónustu um 360 milljónum. Með vísan til ofangreinds er það mat SÍ að nauðsynlegt sé að komið verði á rauntímasamskiptum við alla veitendur heilbrigðisþjónustu sem allra fyrst.



Mynd 1-3. Endurgreiðslur sjúkratrygginga til einstaklinga fyrir heilbrigðisþjónustu.

Til nánari athugunar á því hvað liggur að baki breyttum útgjöldum og notkun á þjónustu verða teknir til skoðunar tveir stærstu málaflokkarnir sem heyra undir greiðsluþátttökukerfið hér á eftir, það er þjónusta klínískra sérgreinalækna og sjúkraþjálfun.

<sup>3</sup> Endurgreiðslur vegna komu einstaklinga til klínískra sérgreinalækna teljast sem samningsbundinn þjónusta þrátt fyrir að ekki hafi verið í gildi rammasamningur milli SÍ og sérgreinalækna frá 1. janúar 2019.

## Klínískir sérgreinalæknar

### Allar sérgreinar

Þegar komur og útgjöld vegna klínískra sérgreinalækna sem senda reikninga til SÍ<sup>4</sup> eru skoðuð eftir tvö ár í nýju greiðsluþáttökukerfi sést að tiltölulega lítil breyting hefur orðið á heildareiningarfjölda á milli tímabila. Heildareiningarfjöldi hefur lækkað um 1% en meðalkomur einstaklinga til sérgreinalækna lækka um 3%, sjá töflu 2-1 og mynd 2-1 og 2-2.

Tafla 2-1. Einingar og komur til klínískra sérgreinalækna. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19.

	Sérgreinalæknar			Breyting 2017/18	Breyting 2016
	2016	2017/18	2018/19	- 2018/19	- 2018/19
<b>Heildareiningarfjöldi</b>	22.543.216	21.861.675	22.220.990	2%	-1%
<b>Fjöldi koma</b>	489.281	476.714	478.286	0%	-2%
<b>Fjöldi einstaklinga</b>	161.791	160.779	162.543	1%	0%
<b>Fjöldi lækna*</b>	361	359	360	0%	0%
<b>Meðaleiningar/komu</b>	46,07	45,86	46,46	1%	1%
<b>Meðalkomur/einstakling</b>	3,02	2,97	2,94	-1%	-3%
<b>Meðalkomur/lækni</b>	1.355	1.328	1.329	0%	-2%

\* Fjöldi lækna sem sendi SÍ reikning á völdu tímabili


Hlutfallsleg hækkun kostnaðarþátttöku sjúkratrygginga í heildarútgjöldum vegna klínískra sérgreinalækna er 15% frá gildistöku kerfisins. Hlutfallsleg hækkun þátttöku sjúkratrygginga fyrir hverja komu einstaklings til sérgreinalæknis hefur aukist að meðaltali um 18% frá gildistöku kerfisins, sjá töflu 2-2 og mynd 2-3.

Tafla 2-2. Kostnaðarþátttaka sjúkratrygginga í heildarútgjöldum vegna klínískra sérgreinalækna. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19. Upphæðir miða við verðlag hvers árs.

	Sérgreinalæknar			Breyting 2017/18	Breyting 2016
	2016	2017/18	2018/19	- 2018/19	- 2018/19
<b>Heildarupphæð</b>	8.433.646.313	8.765.551.747	9.326.720.130	6%	11%
<b>Hluti sjúkratrygginga</b>	5.964.073.337	6.306.477.996	6.870.891.491	9%	15%
<b>Hlutfall sjúkratrygginga af heildarútgjöldum</b>	71%	72%	74%	2%	4%
<b>Hluti sjúkratrygginga/komu</b>	12.189	13.229	14.366	9%	18%
<b>Hluti sjúkratrygginga /einstakling</b>	36.863	39.225	42.271	8%	15%

<sup>4</sup> Hér er átt við þjónustu klínískra sérgreinalækna sem senda SÍ reikninga á umræddu tímabili. Fram til 1. janúar 2019 var einungis um að ræða lækna sem störfuðu samkvæmt rammasmningi milli SÍ og sérgreinalækna um lækningar utan sjúkrahúsa.






Mynd 2-1.

Komur til klínískra sérgreinalækna frá 2014 til 2018/19.


Komum fer fækkandi frá árinu 2015, lítil breyting er milli ára í nýju greiðsluþátttökukerfi.



Mynd 2-2.

Heildareiningar sérgreinalækna á frá 2014 til 2018/19.

Heilt yfir helst fjöldi eininga í við fjölda koma til sérgreinalækna.



Mynd 2-3.

Kostnaðarþátttaka sjúkratrygginga vegna sérgreinalækna frá 2014 til 2018/19.

Lítill hækkun verður á milli ára og skýrist hún fyrst og fremst af hækkuðu einingarverði á ramma-samningi SÍ og sérgreinalækna um lækningar utan sjúkrahúsa.

## Skipting niður á sérgreinar

Sundurliðun á sérgreinum sýnir að komum einstaklinga fækkar hjá flestum sérgreinum. Mesta hlutfallslega hækkunin frá gildistöku kerfisins er hjá barnageðlæknum (23%), húðlæknum (20%), gigtarlæknum (15%) og skurðlæknum (12%), sjá töflu 2-3.

Mesta hlutfallslega lækkunin frá gildistöku kerfisins er hjá barnalæknum (-14%), bæklunarlæknum (-11%), lungnalæknum (-13%), nýrnalæknum (-12%), ofnæmis- og ónæmislæknum (-18%) og svæfingarlæknum (-11%), sjá töflu 2-3.

Tafla 2-3. Heildarkomur til sérgreinalækna, skipt niður eftir sérgrein. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19.

Heildarkomur	Sérgreinalækna			Breyting 2017/18	Breyting 2016
	2016	2017/18	2018/19	2018/19	2018/19
<b>Augnlækna</b>	70.462	68.373	69.455	2%	-1%
<b>Augnskurðlækningar</b>	698	707	787	11%	13%
<b>Barnahjartalækna*</b>	4.282	2.410	2.032	-16%	-53%
<b>Barnalækna</b>	42.273	37.560	36.492	-3%	-14%
<b>Bæklunarlækna</b>	36.820	34.345	32.795	-5%	-11%
<b>Geðlækna</b>	32.988	31.006	30.773	-1%	-7%
<b>Barnageðlækna</b>	5.629	5.980	6.916	16%	23%
<b>Háls-, nef- og eyrnalækna</b>	45.960	44.693	44.885	0%	-2%
<b>Húðlækna</b>	48.313	54.898	58.084	6%	20%
<b>Kvensjúkdómalækna</b>	36.188	37.709	37.621	0%	4%
<b>Lyf-blóðfræðingar</b>	6.503	6.495	6.478	0%	0%
<b>Lyf-efnaskiptalækna</b>	5.166	5.046	5.659	12%	10%
<b>Lyf-gigtarlækna</b>	11.540	12.927	13.316	3%	15%
<b>Lyf-hjartalækna</b>	44.815	40.762	40.365	-1%	-10%
<b>Lyf-lungnalækna</b>	7.135	6.904	6.177	-11%	-13%
<b>Lyf-meltingarl. /speglanir</b>	18.502	18.288	18.469	1%	0%
<b>Lyf-nýrnalækna</b>	1.194	1.056	1.052	0%	-12%
<b>Lyf-ofnæmis-og ónæmisl.</b>	4.131	3.275	3.405	4%	-18%
<b>Endurhæfingarlækna</b>	789	104	88	-15%	-89%
<b>Skurðlækna</b>	16.134	17.423	18.036	4%	12%
<b>Svæfingarlækna</b>	14.778	13.660	13.209	-3%	-11%
<b>Krabbameinslækna</b>	2.492	2.266	1.652	-27%	-34%
<b>Taugalækna</b>	5.543	4.216	5.161	22%	-7%
<b>Þvagfæralækna</b>	17.654	17.373	16.569	-5%	-6%
<b>Öldrunarlækna</b>	1.352	1.060	975	-8%	-28%
<b>Lýtalækna</b>	7.678	7.731	7.202	-7%	-6%
<b>Sérfræðingar í heimilislækningum</b>	262	447	633	42%	142%
<b>Samtals</b>	<b>489.281</b>	<b>476.714</b>	<b>478.286</b>	<b>0%</b>	<b>-2%</b>

\*Komur eru ekki taldar með sama hætti á tímabilinu, á árinu 2016 voru ákveðnar rannsóknir taldar sem komur til barnahjartalækna en eru það ekki í núgildandi kerfi.

Hafa ber í huga að þar sem að hlutfallslega breytingin er mjög mikil er yfirleitt um að ræða samning sem fáir sérgreinalækna starfa eftir, sbr. endurhæfingarlækna og sérfræðinga í heimilislækningum.

Samræmi er á milli einingafjölda einstakra sérgreina og komufjölda einstaklinga. Meðaleiningar á hverja komu hafa ekki breyst mikið heilt yfir hjá sérgreinalæknum frá gildistöku kerfisins, úr 46,07 e. í 46,46 e. (1%).

Heildarkostnaður hefur aukist mest hjá barnageðlæknum (31%), húðlæknum (34%), gigtarlæknum (30%) og skurðlæknum (33%) sem er í samræmi við aukinn komufjölda hjá þessum sérgreinum. Sjá töflur 2-3 og 2-4.

Tafla 2-4. Heildarútgjöld vegna sérgreinalækna, skipt niður eftir sérgrein. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19.

Heildarkostnaður	Sérgreinalækna			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18	2016
				-	-
				2018/19	2018/19
Augnlæknar	851.176.405	898.883.096	973.890.823	8%	14%
Augnskurðlækningar	20.400.798	22.184.128	26.235.549	18%	29%
Barnahjartalæknar	98.057.556	96.981.511	102.109.794	5%	4%
Barnalæknar	489.269.673	487.510.414	511.027.322	5%	4%
Bæklunarlæknar	955.365.692	954.728.844	989.069.919	4%	4%
Geðlæknar	540.982.329	537.078.940	558.260.606	4%	3%
Barnageðlæknar	117.689.472	129.689.885	154.070.385	19%	31%
Háls-, nef- og eyrnalæknar	600.532.865	595.862.951	616.432.163	3%	3%
Húðlæknar	515.497.459	613.529.648	688.644.137	12%	34%
Kvensjúkdómalæknar	483.646.268	543.461.725	568.139.307	5%	17%
Lyf-blóðfræðingar	73.733.681	78.002.960	81.158.259	4%	10%
Lyf-efnaskiptalæknar	59.849.017	59.663.733	75.570.294	27%	26%
Lyf-gigtarlæknar	124.139.125	147.697.885	161.219.024	9%	30%
Lyf-hjartalæknar	739.140.373	708.576.119	755.186.255	7%	2%
Lyf-lungnalæknar	90.448.884	92.430.689	92.750.466	0%	3%
Lyf-meltingarl /speglanir	639.610.411	657.718.317	704.563.103	7%	10%
Lyf-nýrnalæknar	15.394.762	14.800.475	15.870.040	7%	3%
Lyf-ofnæmis-og ónæmisl.	72.063.247	63.018.138	71.382.295	13%	-1%
Endurhæfingarlæknar	6.714.965	1.011.954	916.142	-9%	-86%
Skurðlæknar	422.604.000	515.318.459	563.643.166	9%	33%
Svæfingarlæknar	885.946.118	914.595.992	948.295.119	4%	7%
Krabbameinslæknar	27.041.863	26.320.840	20.071.016	-24%	-26%
Taugalæknar	94.562.178	57.920.025	80.384.731	39%	-15%
Þvagfæralæknar	325.994.639	350.878.323	363.645.720	4%	12%
Öldrunarlæknar	22.518.307	17.767.697	17.854.957	0%	-21%
Lýtalæknar	157.942.546	174.266.029	178.085.548	2%	13%
Sérfræðingar í heimilislækningum	3.323.680	5.652.970	8.243.990	46%	148%
<b>Samtals</b>	<b>8.433.646.313</b>	<b>8.765.551.747</b>	<b>9.326.720.130</b>	<b>6%</b>	<b>11%</b>

Kostnaðarpátttaka sjúkratrygginga hækkar fyrir nánast alla sérgreinar, hlutfallslega mest hjá barnageðlæknum (36%), húðlæknum (25%), gigtarlæknum (28%), meltingar- og speglunarlæknum (29%) og skurðlæknum (46%). Sjá töflu 2-5.

Tafla 2-5. Kostnaðarpátttaka sjúkratrygginga vegna sérgreinalækna, skipt niður eftir sérgrein. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19.

Kostnaðarpátttaka sjúkratrygginga	Sérgreinalækna			Breyting 2017/18	Breyting 2016
	2016	2017/18	2018/19	- 2018/19	- 2018/19
Augnlæknar	580.876.980	535.703.900	597.589.489	12%	3%
Augnskurðlækningar	15.520.313	16.950.811	20.612.638	22%	33%
Barnahjartalæknar	89.519.431	92.493.394	96.433.444	4%	8%
Barnalæknar	445.615.402	445.275.130	478.370.221	7%	7%
Bæklunarlæknar	692.176.874	766.261.129	825.262.535	8%	19%
Geðlæknar	378.630.924	400.927.032	417.177.810	4%	10%
Barnageðlæknar	106.843.250	120.964.670	145.053.722	20%	36%
Háls-, nef- og eyrnalæknar	431.708.737	430.835.231	452.711.380	5%	5%
Húðlæknar	298.720.732	310.691.095	372.037.055	20%	25%
Kvensjúkdómalæknar	235.492.924	234.922.630	251.976.779	7%	7%
Lyf-blóðfræðingar	45.056.331	44.598.247	48.390.558	9%	7%
Lyf-efnaskiptalæknar	36.177.258	32.234.743	44.129.404	37%	22%
Lyf-gigtarlæknar	78.978.643	87.135.767	101.253.085	16%	28%
Lyf-hjartalæknar	511.963.844	469.665.153	512.369.952	9%	0%
Lyf-lungnalæknar	59.672.110	59.152.815	60.579.500	2%	2%
Lyf-meltingar- og spegl.læknar	425.386.582	500.070.194	550.640.155	10%	29%
Lyf-nýrnalæknar	11.241.002	9.770.014	10.727.079	10%	-5%
Lyf-ofnæmis- og ónæmislæknar	41.533.406	33.911.124	39.635.011	17%	-5%
Endurhæfingarlæknar	2.777.135	615.130	496.625	-19%	-82%
Skurðlæknar	302.183.501	391.501.374	442.190.054	13%	46%
Svæfingarlæknar	719.701.461	870.879.791	915.719.943	5%	27%
Krabbameinslæknar	19.782.370	17.335.960	13.536.953	-22%	-32%
Taugalæknar	73.743.282	39.511.212	57.241.457	45%	-22%
Þvagfæralæknar	235.886.083	251.373.028	264.081.798	5%	12%
Öldrunarlæknar	18.948.963	13.940.592	14.201.645	2%	-25%
Lýtalæknar	104.297.060	126.435.138	133.330.101	5%	28%
Sérfræðingar í heimilislækningum	1.638.739	3.322.692	5.143.098	55%	214%
<b>Samtals</b>	<b>5.964.073.337</b>	<b>6.306.477.996</b>	<b>6.870.891.491</b>	<b>9%</b>	<b>15%</b>

Útgjöld sjúkratrygginga hækka hlutfallslega mikið hjá sérgreinum þar sem að komur eru almennt kostnaðarsamar fyrir einstaklinga, sbr. hjá bæklunarlæknum, meltingar- og speglunarlæknum, skurðlæknum, svæfingalæknum og lýtalæknum. Líkleg skýring er sú að í eldra kerfi gat einstaklingur greitt allt að 35.200 kr. fyrir komu til sérgreinalæknis, ef ekki var til staðar afsláttarkort. Miðað við nógildandi reglugerð greiða einstaklingar að hámarki 27.100 kr. fyrir komu eða gætu jafnvel ekkert greitt, sé tekið mið af greiðslustöðu viðkomandi í greiðsluþátttökukerfinu. Hækkun gæti í einhverjum tilfellum, t.a.m. hjá barnalæknum og barnageðlæknum, skýrst af því að innleitt hefur verið tilvísanakerfi fyrir börn, en komur barna með tilvísun frá heimilis- eða heilsugæslulækni til sérgreinalækna eru þeim að kostnaðarlausu.

Hafa þarf í huga að þegar töflur 2-3 til 2-5 eru skoðaðar að í mörgum sérgreinum eru starfandi fáir sérfræðingar. Í þeim sérgreinum þar sem starfandi eru fáir sérfræðingar geta þættir eins og löng frí frá starfi, það að sérfræðingur hætti störfum eða hefji störf haft hlutfallslega mikil áhrif á komur og útgjöld í viðkomandi málaflokki.


## Skipting eftir stöðu einstaklinga

### Almennir

Mesta hlutfallslega aukning á kostnaðarþátttöku sjúkratrygginga vegna klínískra sérgreinalækna hefur orðið hjá almennum einstaklingum, sé tekið mið af réttindastöðu. Hlutfallsleg aukning á kostnaðarþátttöku sjúkratrygginga er 25% frá gildistöku kerfisins fyrir almenna einstaklinga. Þá eykst hlutur sjúkratrygginga fyrir hverja komu um 24% að meðaltali fyrir hvern einstakling sem notar þjónustu sérgreinalækna. Sjá töflu 2-6.


Tafla 2-6. Komur og útgjöld vegna almennra einstaklinga hjá klínískum sérgreinalæknum. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19. Upphæðir í töflu miða við verðlag hvers árs.

Almennir	Sérgreinalæknar			Breyting 2017/18 - 2018/19	Breyting 2016 - 2018/19
	2016	2017/18	2018/19		
<b>Fjöldi koma</b>	216.796	217.173	217.364	0%	0%
<b>Fjöldi einstaklinga</b>	85.365	85.246	86.069	1%	1%
<b>Meðalkomur/einstakling</b>	2,54	2,55	2,53	-1%	-1%
<b>Heildarupphæð</b>	4.198.865.685	4.403.518.087	4.652.266.989	6%	11%
<b>Hlutur sjúkratrygginga</b>	2.397.228.564	2.803.949.457	2.991.954.656	7%	25%
<b>Hlutfall sjúkratrygginga</b>	57%	64%	64%	1%	13%
<b>Hlutur sjúkratrygginga /komu</b>	11.058	12.911	13.765	7%	24%
<b>Hlutur sjúkratrygginga /einstakling</b>	28.082	32.892	34.762	6%	24%



Mynd 2-4.

Komur almennra einstaklinga til sérgreinalækna á árunum 2014-2018/19.



Mynd 2-5.

Kostnaðarpátttaka sjúkratrygginga vegna almennra einstaklinga hjá sérgreinalæknum á árunum 2014-2018/19.

### Lífeyrisþegar

Minni breytingar hafa orðið á komum og kostnaðarpátttöku sjúkratrygginga hjá lífeyrisþegum. Komum hefur fjölgað um 2% og útgjöld sjúkratrygginga um 11% frá gildistöku kerfisins fyrir ellilífeyrisþega, sjá töflu 2-8. Komum fækkar um 3% og útgjöld sjúkratrygginga aukast um 6% frá gildistöku kerfisins fyrir örorkulífeyrisþega, sjá töflu 2-9.

Tafla 2-7. Komur og útgjöld vegna ellilífeyrisþega hjá klínískum sérgreinalæknum. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19.

Ellilífeyrisþegar	Sérgreinalæknar			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18 - 2018/19	2016 - 2018/19
Fjöldi koma	113.569	113.737	116.059	2%	2%
Fjöldi einstaklinga	29.012	30.111	31.146	3%	7%
Meðalkomur/einstakling	3,91	3,78	3,73	-1%	-5%
Heildarupphæð	1.840.806.065	1.970.542.346	2.167.333.834	10%	18%
Hluttur sjúkratrygginga	1.544.245.448	1.539.578.207	1.718.589.323	12%	11%
Hlutfall sjúkratrygginga	84%	78%	79%	1%	-5%
Hluttur sjúkratrygginga /komu	13.597	13.536	14.808	9%	9%
Hluttur sjúkratrygginga /einstakling	53.228	51.130	55.178	8%	4%

Tafla 2-8. Komur og útgjöld vegna örorkulífeyrisþega hjá klínískum sérgreinalæknum. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19.


Örorkulífeyrisþegar	Sérgreinalæknar			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18 - 2018/19	2016 - 2018/19
Fjöldi koma	50.145	48.426	48.417	0%	-3%
Fjöldi einstaklinga	11.929	12.044	12.295	2%	3%
Meðalkomur/einstakling	4,20	4,02	3,94	-2%	-6%
Heildarupphæð	865.877.797	892.654.076	943.162.820	6%	9%
Hluttur sjúkratrygginga	746.709.991	739.028.535	788.830.403	7%	6%
Hlutfall sjúkratrygginga	86%	83%	84%	1%	-3%
Hluttur sjúkratrygginga /komu	14.891	15.261	16.292	7%	9%
Hluttur sjúkratrygginga /einstakling	62.596	61.361	64.159	5%	2%

## Börn

Komum barna til sérgreinalækna hefur fækkað um 11% frá gildistöku greiðsluþáttökukerfisins. Samhliða gildistöku kerfisins var innleidd reglugerð nr. 313/2017 um tilvísanir fyrir börn sem gæti skýrt þessa fækkun. Þrátt fyrir töluverða fækkun á komum eykst kostnaðarpáttaka sjúkratrygginga um 4% frá gildistöku kerfisins. Sjá töflu 2-10.

Tafla 2-9. Komur og útgjöld vegna barna hjá klínískum sérgreinalæknum. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19.

Börn	Sérgreinalæknar			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18 - 2016/19	2016 - 2018/19
<b>Fjöldi koma</b>	108.771	97.378	96.446	-1%	-11%
<b>Fjöldi einstaklinga</b>	37.935	36.000	35.722	-1%	-6%
<b>Meðalkomur/einstakling</b>	2,87	2,70	2,70	0%	-6%
<b>Heildarupphæð</b>	1.528.096.766	1.498.837.238	1.563.956.487	4%	2%
<b>Hluttur sjúkratrygginga</b>	1.421.510.180	1.380.887.520	1.474.373.105	7%	4%
<b>Hlutfall sjúkratrygginga</b>	93%	92%	94%	2%	1%
<b>Hluttur sjúkratrygginga /komu</b>	13.069	14.181	15.287	8%	17%
<b>Hluttur sjúkratrygginga /einstakling</b>	37.472	38.358	41.274	8%	10%



Mynd 2-6.

Komur barna til sérgreinalækna á árunum 2014 - 2018/19.



## Sjúkraþjálfun

### Þróun koma einstaklinga í sjúkraþjálfun


Töluverð aukning varð á komum einstaklinga í sjúkraþjálfun fyrstu tólf mánuði í kjölfar gildistöku greiðsluþáttökukerfisins (22%). Komufjöldi einstaklinga helst þó nánast óbreyttur á seinna tímabilinu en um 2% aukning er á komum á milli tímabila. Sjá mynd 3-1.

Svipaða þróun má merkja á fjölda einstaklinga sem sækja sér sjúkraþjálfun, um 15% aukning verður á fyrra tímabilinu en um 4% á milli tímabila eftir gildistöku greiðsluþáttökukerfisins, sjá töflu 3-1.

Þá fjölga komum til þjálfara að meðaltali um 10% eftir gildistöku greiðsluþáttökukerfisins, sjá töflu 3-1. Þess ber að geta að engir sjúkraþjálfarar hafa útskrifast hér á landi frá árinu 2017 sökum breyttrar tilhögunar á námi þeirra.

Mynd 3-1.

Komur einstaklinga í sjúkraþjálfun.



Tafla 3-1. Breyting á komum einstaklinga í sjúkraþjálfun, samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017-18 og 2018-19.

	2016	2017/18	2018/19	Breyting 2017/18- 2016/19	Breyting 2018/19 2016/19
<b>Fjöldi koma</b>	638.727	758.760	777.511	2%	22%
<b>Fjöldi einstaklinga</b>	46.526	51.636	53.721	4%	15%
<b>Fjöldi sjúkraþjálfara*</b>	449	477	496	4%	10%
<b>Meðalkomur/einstakling</b>	13,73	14,69	14,47	-2%	5%
<b>Meðalkomur/þjálfara</b>	1.423	1.591	1.568	-1%	10%

\*Fjöldi þjálfara sem sendi SÍ reikning á völdu tímabili

## Kostnaðarþátttaka úr sjúkratryggingum vegna sjúkraþjálfunar


Kostnaðarþátttaka sjúkratrygginga vegna sjúkraþjálfunar rúmlega tvöfölduðust á fyrstu tólf mánuðum eftir gildistöku greiðsluþátttökukerfisins. Á seinna tímabilinu er hækkunin um 8%, sjá töflu 3-2.

Hlutfall sjúkratrygginga af heildarútgjöldum vegna sjúkraþjálfunar hækkaði úr 58% í 82% á fyrstu tólf mánuðunum eftir gildistöku kerfisins og helst sú hækkun nánast óbreytt á seinna tímabilinu, sjá töflu 3-2 og mynd 3-2.

Mikla hækkun útgjalda sjúkratrygginga vegna sjúkraþjálfunar má rekja til aukinnar greiðsluþátttöku til almennra einstaklinga, sem greiddu sína þjálfun að mestu sjálfir í eldra kerfi, sbr. umfjöllun um almenna einstaklinga í kafla 4.

Mynd 3-2.

Kostnaðarþátttaka sjúkratrygginga vegna sjúkraþjálfunar á árunum 2014 – 2018/19.



Tafla 3-2. Kostnaðarþátttaka og hluti sjúkratrygginga í heildarútgjöldum vegna sjúkraþjálfunar. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19.

	2016	2017/18	2018/19	Breyting 2017/18- 2016/19	Breyting 2016- 2018/19
<b>Heildarupphæð</b>	4.160.773.974	5.456.948.710	5.906.730.293	8%	42%
<b>Hluti sjúkratrygginga</b>	2.418.074.619	4.483.138.977	4.847.233.338	8%	100%
<b>Hlutfall sjúkratrygginga</b>	58%	82%	82%	0%	41%
<b>Hluti sjúkratrygginga /komu</b>	3.786	5.909	6.234	6%	65%
<b>Hluti sjúkratrygginga /einstakling</b>	51.973	86.822	90.230	4%	74%

## Skipting eftir stöðum einstaklinga

### Almennir


Þegar greiðslupátttaka sjúkratrygginga er skoðuð eftir réttindastöðum sést að mesta breytingin hefur orðið hjá almennum einstaklingum.

Komum hjá þessum hópi hefur fjölgað um 44% og fjölgun einstaklinga hefur verið um 22% frá gildistöku kerfisins, en heldur hefur hægt á þeirri þróun á seinna tímabilinu, sjá töflu 3-3.

Meðalkomum á hvern einstakling fjölgaði í kjölfar gildistöku nýs kerfis um rúmlega 1,5 meðferð (18%), en lítil breyting er á milli tímabila í nýju kerfi, sjá töflu 3-3. Telja má að uppsöfnuð þörf fyrir þjónustu sjúkraþjálfara ásamt aukinni greiðslupátttöku sé megin orsök þessarar aukningar.

Tafla 3-3. Komur og kostnaðarpátttaka vegna almennra einstaklinga í sjúkraþjálfun. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19


Almennir				Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18- 2018/19	2016- 2018/19
Fjöldi koma	225.460	306.966	325.059	6%	44%
Fjöldi einstaklinga	25.315	28.916	30.879	7%	22%
Meðalkomur/einstakling	8,91	10,62	10,53	-1%	18%
Heildarupphæð	1.409.434.805	2.141.798.371	2.393.006.336	12%	70%
Hluttur sjúkratrygginga	230.569.309	1.502.310.405	1.689.073.455	12%	633%
Hlutfall sjúkratrygginga	16%	70%	71%	1%	331%
Hluttur sjúkratrygginga /komu	1.023	4.894	5.196	6%	408%
Hluttur sjúkratrygginga /einstakling	9.108	51.954	54.700	5%	501%



Mynd 3-3.

Komur almennra einstaklinga í sjúkraþjálfun á árunum 2014 - 2018/19.

Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga hefur fimm-faldast á ársgrundvelli að meðaltali fyrir hvern einstakling sem fer í sjúkraþjálfun í nýju kerfi, þó verður að hafa í huga að greiðsluþátttaka sjúkratrygginga var að meðaltali um 9 þúsund kr. á ári fyrir almenna einstaklinga í eldra kerfi.



Mynd 3-4.

Greiðsluþátttaka sjúkratrygginga vegna almennra einstaklinga í þjálfun á árunum 2014-2018/19.

### Lífeyrisþegar

Ekki hefur orðið jafn mikil aukning á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga hjá lífeyrisþegum og hjá almennum einstaklingum. Hjá ellilífeyrisþegum hefur komum fjölgað um 14% og einstaklingum fjölgar um 16% með nýju kerfi, kostnaðarþátttaka sjúkratrygginga hafa hækkað um rúm 50%. Litlar breytingar eru milli síðustu tveggja tímabila, sjá töflu 3-4. Hlutfall sjúkratrygginga af heildarútgjöldum hækkaði úr 78% í 89% fyrstu tólf mánuði eftir gildistöku kerfisins og helst það hlutfall nánast óbreytt á seinna tímabilinu.

Tafla 3-4. Komur og útgjöld vegna ellilífeyrisþega í sjúkraþjálfun. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017-18 og 2018-19.

Ellilífeyrisþegar				Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18- 2018/19	2016- 2018/19
Fjöldi koma	215.635	241.668	246.842	2%	14%
Fjöldi einstaklinga	10.707	11.969	12.397	4%	16%
Meðalkomur/einstakling	20,14	20,19	19,91	-1%	-1%
Heildarupphæð	1.420.105.596	1.752.366.462	1.889.235.741	8%	33%
Hlutur sjúkratrygginga	1.111.374.409	1.553.728.669	1.673.169.305	8%	51%
Hlutfall sjúkratrygginga	78%	89%	89%	0%	13%
Hlutur sjúkratrygginga /komu	5.154	6.429	6.778	5%	32%
Hlutur sjúkratrygginga /einstakling	103.799	129.813	134.966	4%	30%

Komum örorkulífeyrisþega fjölgaði um 4% og fjöldi einstaklinga um 10% á tveimur árum í nýju kerfi. Komur virðast þó aðeins dragast saman (-3%) milli síðustu tveggja ára hjá þessum hópi en einstaklingum fjölgar lítillega. Kostnaðarþátttaka sjúkratrygginga aukast um 36% á tveimur árum en breytast lítið milli síðustu tveggja tímabila. Kostnaðarþátttakan hækkar úr 80% upp í 89% í nýju kerfi (sjá töflu 3-5).

Tafla 3-5. Komur og greiðsluþátttaka sjúkratrygginga vegna örorkulífeyrisþega í sjúkraþjálfun. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017-18 og 2018-19.

Örorkulífeyrisþegar				Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18- 2018/19	2016- 2018/19
Fjöldi koma	143.097	152.744	148.280	-3%	4%
Fjöldi einstaklinga	6533	7.027	7.179	2%	10%
Meðalkomur/einstakling	21,90	21,74	20,65	-5%	-6%
Heildarupphæð	929.559.941	1.101.389.531	1.141.516.192	4%	23%
Hlutur sjúkratrygginga	742.959.307	976.750.320	1.011.457.912	4%	36%
Hlutfall sjúkratrygginga	80%	89%	89%	0%	11%
Hlutur sjúkratrygginga /komu	5.192	6.395	6.821	7%	31%
Hlutur sjúkratrygginga /einstakling	113.724	139.000	140.891	1%	24%

### Börn

Börn eru að mestu gjaldfrjál í nýju greiðsluþátttökukerfi en hlutfall sjúkratrygginga í heildarútgjöldum vegna barna í sjúkraþjálfun er nú um 98% en var 83% í eldra kerfi. Kostnaðarþátttaka sjúkratrygginga vegna barna

hafa aukist um 46% á fyrstu tveimur árum nýs kerfis en sú hækkun varð strax á fyrra ári frá gildistöku þess, útgjöld aukast um 7% milli tímabila í sama kerfi. Fjöldi barna í sjúkraþjálfun hefur aukist um 16% á tveimur árum en komur breytast lítið (5%). Litlar breytingar eru á komum og fjölda einstaklinga milli síðastliðinna tveggja ára, sjá töflu 3-6.

Tafla 3-6. Komur og greiðsluþátttaka sjúkratrygginga vegna barna í sjúkraþjálfun. Samanburður á árinu 2016 og samsettu ári 2017-18 og 2018-19.

Börn				Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18- 2018/19	2016- 2018/19
Fjöldi koma	54.536	57.384	57.332	0%	5%
Fjöldi einstaklinga	5.152	5.541	5.958	8%	16%
Meðalkomur/einstakling	10,59	10,36	9,62	-7%	-9%
Heildarupphæð	401.673.632	463.865.127	496.148.117	7%	24%
Hluttur sjúkratrygginga	334.415.810	452.820.364	486.708.759	7%	46%
Hlutfall sjúkratrygginga	83%	98%	98%	0%	18%
Hluttur sjúkratrygginga /komu	6.132	7.891	8.489	8%	38%
Hluttur sjúkratrygginga /einstakling	64.910	81.722	81.690	0%	26%

## Greiðsluþátttaka einstaklinga í heild vegna þjónustu sem Sí hafa samið um og þjónustu sjúkrahúsa og heilsugæslu.

Í þessum kafla eru skoðaðar þær breytingar sem hafa orðið á útgjöldum einstaklinga vegna þeirra málaflokka sem heyra undir greiðsluþátttökukerfið. Allar fjárhæðir í þessum kafla miða við fast verðlag í apríl 2019, 50% tengt við launavísitölu og 50% við vísitölu neysluverðs. Í neðangreindum útreikningum er tekið tillit til endurgreiðslna, það er, hafi einstaklingur ofgreitt fyrir þjónustu og fengið endurgreiðslu úr sjúkratryggingum er einungis miðað við greiðslustöðu einstaklings í kerfinu.

Vert er að nefna að Sí hafa ekki upplýsingar um það heildarverð þjónustu í málaflokkum sem ekki eru samningsbundnir stofnuninni, t.a.m. heilsugæslu, sjúkrahúsþjónustu og þjónustu sérgreinalækna eftir 1. janúar 2019. Því er ekki hægt að skoða hversu hátt hlutfall einstaklingar greiða af heildarkostnaði kerfisins.

Eftir að rammasamningur Sí við sérgreinalækna um þjónustu utan sjúkrahúsa féll úr gildi eru dæmi um það að sérgreinalæknar krefji einstaklinga um greiðslur umfram þá gjaldskrá sem Sí setur. Sí hafa ekki upplýsingar um þær umfram greiðslur einstaklinga þar sem ekki er haldið utan um þær af hinu opinbera.

## Heildarútgjöld einstaklinga

Þegar heilbrigðisþjónusta sem fellur undir greiðsluþátttökukerfið<sup>5</sup> er skoðuð í heild sést að heildarútgjöld

<sup>5</sup> Það vantar tölur fyrir ljósaböð og sálfræðiþjónustu barna en þar er um óverulegar fjárhæðir að ræða sem ættu ekki að hafa mikil áhrif á heildarniðurstöðuna. Sálfræðiþjónusta barna er gjaldfrjáls vegna þjónustu sem er á samning við Sí. Einnig vantar inn tölur frá þeim heilbrigðisstofnunum sem eru ósamningsbundnar Sí og teljast hvorki til heilsugæslu né sjúkrahúss, t.d. Krabbameinsfélag Íslands, Reykjalundur o.fl. þar sem ekki fengust fullnægjandi upplýsingar fyrir árið 2016.

einstaklinga hafa lækkað um rúman 1,6 milljarð (-23%) á ársgrundvelli. Útgjöld einstaklinga hafa lækkað fyrir alla málaflokka, lækkunin er þó mest fyrir þjálfun. Sjá töflu 4-1.

Tafla 4 - 1. Heildarútgjöld einstaklinga í greiðsluþáttökukerfinu. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19. M.v. fast verðlag í apríl 2019 (lvt.50% og nvt 50%).

	Heildarútgjöld einstaklinga			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18- 2018/19	2016- 2018/19
Talþjálfun	54.830.745	805.436	1.610.817	100%	-97%
Iðjuþjálfun	5.300.565	991.559	1.213.423	22%	-77%
Sjúkraþjálfun	1.966.652.898	903.882.905	994.294.468	10%	-49%
Klínískir sérgreinalæknar	2.153.880.549	1.919.419.243	1.987.029.880	4%	-8%
Önnur sérgreinalæknisþjónusta*	593.084.985	456.092.149	495.785.902	9%	-16%
Heilsugæsla	1.117.951.330	1.056.116.766	1.002.642.891	-5%	-10%
Sjúkrahús/heilbrigðisstofnanir	1.237.703.540	1.026.069.178	1.039.764.428	1%	-16%
Samtals	<b>7.129.404.611</b>	<b>5.363.377.236</b>	<b>5.522.341.808</b>	<b>3%</b>	<b>-23%</b>

\*Undir aðra sérgreinalæknaþjónustu falla rannsóknir, geisla- og myndgreiningar, greiðslur til heilbrigðisstofnana, augasteinsaðgerðir o.fl.

## Komur einstaklinga

Heildarkomum hefur fjölgað um 28% frá gildistöku kerfisins. Þær tölur eru þó ekki algerlega marktækar þar sem að mikil aukning koma á heilsugæslu og sjúkrahús skýrist að hluta til af því að ekki eru allir reikningar sendir til SÍ í þeim tilvikum þar sem að einstaklingar greiða ekkert fyrir þjónustuna, t.d. börn með tilvísun. Í kjölfar gildistöku kerfisins bárust þó mun fleiri reikningar til SÍ vegna gjaldfrjálsrar þjónustu einstaklinga.

Komum fjölgar mikið í sjúkraþjálfun (23%) við nýtt kerfi á meðan heildarútgjöld einstaklinga lækka, þetta skýrir að miklu leyti útgjaldaaukningu úr sjúkratryggingin í kjölfar gildistöku nýs kerfis.

Ekki hafa orðið miklar breytingar á komufjölda einstaklinga milli tímabila í nýju kerfi. Sjá töflu 4-2.

Tafla 4 - 2. Komur einstaklinga í greiðsluþáttökukerfinu. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19.

	Komur			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18- 2018/19	2016- 2018/19
Talþjálfun	23.350	27.859	29.361	5%	26%
Iðjuþjálfun	5.122	4.943	4.710	-5%	-8%
Sjúkraþjálfun	638.727	751.434	787.440	5%	23%
Klínískir sérgreinalæknar	459.553	472.936	476.437	1%	4%
Önnur sérgreinalæknisþjónusta	156.380	144.699	144.223	0%	-8%
Heilsugæsla**	737.548	1.126.292	1.129.448	0%	53%
Sjúkrahús/heilbrigðisstofnanir**	347.065	466.818	467.869	0%	35%
Samtals	<b>2.367.745</b>	<b>2.994.981</b>	<b>3.039.488</b>	<b>1%</b>	<b>28%</b>

\*\* Mikil fjölgun er á komum á heilsugæslu og sjúkrahús en hafa verður í huga að áður en nýtt kerfi tók gildi voru gjaldfrjálsir reikningar ekki almennt ekki sendir til SÍ. Þetta á aðallega við um reikninga fyrir börn sem greiða ekki fyrir þjónustu á heilsugæslu. Tölur um komur árið 2016 eru því of lágar.

## Meðalútgjöld einstaklinga

Meðalútgjöld einstaklinga hafa lækkað fyrir alla málaflokka sem heyra undir greiðsluþáttökukerfið frá gildistöku þess (-30%). Aukin lækkun hefur þó ekki orðið á útgjöldum einstaklinga á milli tímabili í kerfinu (1%).

Meðalútgjöld einstaklinga í talþjálfun eykst hlutfallslega mikið á milli tímabila í kerfinu, hafa ber í huga að um 320 kr. hækkun er að ræða á ársgrundvelli. Sjá töflu 4-3.

Tafla 4 - 3. Meðalútgjöld á einstakling í greiðsluþáttökukerfinu. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19. M.v. fast verðlag í apríl 2019 (lvt.50% og nvt 50%).

	Meðalútgjöld/einstakling			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18- 2018/19	2016- 2018/19
Talþjálfun	27.581	361	681	89%	-98%
Iðjuþjálfun	22.847	4.507	5.516	22%	-76%
Sjúkraþjálfunarreikningur	42.270	17.505	18.508	6%	-56%
Klínískir sérgreinalæknar	13.313	11.938	12.225	2%	-8%
Önnur sérgreinalæknisþjónusta	6.874	5.380	5.874	9%	-15%
Heilsugæsla	5.315	4.256	3.990	-6%	-25%
Sjúkrahús/heilbrigðisstofnanir	12.082	8.468	8.879	5%	-27%
<b>Samtals</b>	<b>26.469</b>	<b>18.322</b>	<b>18.582</b>	<b>1%</b>	<b>-30%</b>

## Skipting meðalútgjalda einstaklinga eftir stöðu einstaklings.

### Almennir

Almennir einstaklingar eru stærsti hópurinn sem notar heilbrigðisþjónustu greiðsluþáttökukerfisins sé miðað við réttindastöðu. Undir réttindastöðuna almenna fellur fjölbreyttur hópur einstaklinga, má þar nefna lágtekjuhópa, námsmenn og langveika einstaklinga sem ekki hafa verið metnir til örorku. Meðalútgjöld almennra hafa lækkað verulega við gildistöku kerfisins (-26%). Í eldra kerfi gátu almennir einstaklingar greitt háar fjárhæðir fyrir heilbrigðisþjónustu, allt að 400 þús. kr. fyrir árið 2016, en greiða nú að hámarki um 70 þús. kr. á ársgrundvelli.

Tafla 4 - 4. Meðalútgjöld almennra einstaklinga í greiðsluþáttökukerfinu. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19. M.v. fast verðlag í apríl 2019 (lvt.50% og nvt 50%).

Almennir	Meðalútgjöld/einstakling			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18- 2018/19	2016- 2018/19
Talþjálfun	36.703	12.498	16.992	36%	-54%
Iðjuþjálfun	35.501	10.132	10.524	4%	-70%
Sjúkraþjálfun	53.148	20.818	21.698	4%	-59%
Klínískir sérgreinalæknar	19.844	16.066	16.625	3%	-16%
Önnur sérgreinalæknisþjónusta	10.005	7.494	8.193	9%	-18%
Heilsugæsla	6.984	5.862	5.690	-3%	-19%
Sjúkrahús/heilbrigðisstofnanir	16.854	11.443	11.938	4%	-29%
<b>Samtals</b>	<b>31.978</b>	<b>22.992</b>	<b>23.518</b>	<b>2%</b>	<b>-26%</b>



### Lífeyrisþegar

Meðalútgjöld ellilífeyrisþega lækka í heildina um 11% frá gildistöku kerfisins. Meðalútgjöld lækka í öllum málaflokkum nema fyrir sérgreinalæknaþjónustu, hækka um 2.773 kr. á ársgrundvelli (31%) fyrir klíniska sérgreinalæknaþjónustu og um 120 kr. (3%) fyrir aðra sérgreinalæknaþjónustu.

Meðalútgjöld örorkulífeyrisþega lækka í heildina um 20% frá gildistöku kerfisins. Meðalútgjöld lækka í öllum málaflokkum nema fyrir sérgreinalækna þjónustu þar sem þau hækka um 1.123 kr. (13%) á ársgrundvelli fyrir klíniska sérgreinalæknaþjónustu.

Þann 1. janúar 2019 voru komugjöld á heilsugæslu fyrir elli- og örorkulífeyrisþega afnumin.

Tafla 4 - 5. Meðalútgjöld ellilífeyrisþega fyrir þjálfun og aðra heilbrigðisþjónustu. Samanburður á árinu 2016 og samsettu árum 2017/18 og 2018/19. M.v. fast verðlag í apríl 2019 (lvt.50% og nvt 50%).

Ellilífeyrisþegar	Meðalútgjöld/einstakling			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18-2018/19	2016-2018/19
Talþjálfun	32.696	6.558	9.929	51%	-70%
Iðjuþjálfun	19.298	5.966	7.790	31%	-60%
Sjúkraþjálfun	28.214	15.092	15.973	6%	-43%
Klínískir sérgreinalæknar	8.885	11.063	11.658	5%	31%
Önnur sérgreinalækniþjónusta	3.440	3.084	3.560	15%	3%
Heilsugæsla	4.151	4.050	3.270	-19%	-21%
Sjúkrahús/heilbrigðisstofnanir	9.182	8.020	8.338	4%	-9%
<b>Samtals</b>	<b>25.295</b>	<b>22.395</b>	<b>22.551</b>	<b>1%</b>	<b>-11%</b>

Tafla 4 - 6. Meðalútgjöld örorkulífeyrisþega fyrir þjálfun og aðra heilbrigðisþjónustu. Samanburður á árinu 2016 og samsettu árum 2017/18 og 2018/19. M.v. fast verðlag í apríl 2019 (lvt.50% og nvt 50%).

Örorkulífeyrisþegar	Meðalútgjöld einstaklinga			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18-2018/19	2016-2018/19
Talþjálfun	32.580	6.628	14.257	115%	-56%
Iðjuþjálfun	16.394	3.406	5.655	66%	-66%
Sjúkraþjálfun	28.794	16.056	16.518	3%	-43%
Klínískir sérgreinalæknar	8.364	9.270	9.487	2%	13%
Önnur sérgreinalækniþjónusta	3.374	3.081	3.429	11%	2%
Heilsugæsla	4.430	3.917	3.101	-21%	-30%
Sjúkrahús/heilbrigðisstofnanir	8.818	6.893	7.281	6%	-17%
<b>Samtals</b>	<b>23.844</b>	<b>19.081</b>	<b>18.968</b>	<b>-1%</b>	<b>-20%</b>

## Börn

Meðalútgjöld barna lækka í heildina um 47% frá gildistöku kerfisins. Meðalútgjöld lækka í öllum málaflokkum nema fyrir heilsugæslu- og sjúkrahúspjónustu, sjá töflu 4-7.

Börn eru gjaldfrjál í tal- og iðjuþjálfun þar sem að sú þjónusta er einungis veitt gegn tilvísun. Börn geta þó komið allt að sex sinnum í sjúkraþjálfun án tilvísunar.

Tafla 4 - 7. Meðalútgjöld barna fyrir þjálfun og aðra heilbrigðisþjónustu. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19. M.v. fast verðlag í apríl 2019 (lvt.50% og nvt 50%).

Börn	Meðalkostnaður einstaklinga			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18- 2018/19	2016- 2018/19
Talþjálfun	26.129	-	-	-	-100%
Iðjuþjálfun	23.856	-	-	-	-100%
Sjúkraþjálfun	14.437	1.600	1.297	-19%	-91%
Klínískir sérgreinalæknar	2.699	3.000	2.183	-27%	-19%
Önnur sérgreinalækniþjónusta	1.391	1.623	1.336	-18%	-4%
Heilsugæsla**	107	172	152	-12%	41%
Sjúkrahús/heilbrigðisstofnanir**	628	1.404	1.170	-17%	86%
<b>Samtals</b>	<b>3.595</b>	<b>2.481</b>	<b>1.902</b>	<b>-23%</b>	<b>-47%</b>

\*\* Mikil fjölgun er á komum á heilsugæslu og sjúkrahús en hafa verið í huga að áður en nýtt kerfi tók gildi voru gjaldfrjálsir reikningar almennt ekki sendir til SÍ. Þetta á aðallega við um reikninga fyrir börn sem greiða ekki fyrir þjónustu á heilsugæslu. Tölur um komur árið 2016 eru því of lágar.

## Meðalútgjöld á komur einstaklinga

### Meðalútgjöld fyrir hverja komu

Meðalútgjöld einstaklinga fyrir hverja komu lækkar um 39% frá gildistöku kerfisins fyrir alla málaflokka. Óverulegar breytingar hafa orðið á milli tímabila í nýju kerfi.

Tafla 4 - 8. Meðalkostnaður einstaklinga fyrir hverja komu í þjálfun og aðra heilbrigðisþjónustu. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19. M.v. fast verðlag í apríl 2019 (lvt.50% og nvt 50%).

	Meðalútgjöld/komu			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18- 2018/19	2016- 2018/19
Talþjálfun	2.348	29	55	90%	-98%
Iðjuþjálfun	1.035	201	258	28%	-75%
Sjúkraþjálfunarreikningur	3.079	1.191	1.279	7%	-58%
Klínískir sérgreinalæknar	4.402	4.026	4.154	3%	-6%
Önnur sérgreinalækniþjónusta	3.793	3.152	3.438	9%	-9%
Heilsugæsla	1.516	938	888	-5%	-41%
Sjúkrahús/heilbrigðisstofnanir	3.566	2.198	2.222	1%	-38%
Samtals	<b>2.974</b>	<b>1.784</b>	<b>1.822</b>	<b>2%</b>	<b>-39%</b>

### Meðalútgjöld fyrir hverja komu eftir stöðu

Þegar meðalútgjöld einstaklinga á hverja komu er skoðuð eftir réttindastöðu sést að þau hafa lækkað hlutfallslega mest hjá almennum einstaklingum (-42%), sjá töflu 4-9.

Meðalútgjöld ellilífeyrisþega á hverja komu hafa lækkað í heildina um 16% frá gildistöku kerfisins þrátt fyrir að meðalkoma til sérgreinalækna hafi hækkað um 858 kr. (38%) og um 293 kr. (19%) fyrir aðra sérgreinalæknaþjónustu, sjá töflu 4-10.

Meðalútgjöld örorkulífeyrisþega á hverja komu hafa lækkað í heildina um 26%, en þó hefur hækkun orðið á meðalkomu til sérgreinalækna sem nemur 419 kr. (21%) og 142. kr. (9%) fyrir aðra sérgreinalæknaþjónustu. Sjá töflu 4-11.

Meðalútgjöld barna á hverja komu hafa lækkað um 62% frá gildistöku kerfisins, 24% lækkun er á milli tímabila í greiðsluþáttökukerfinu. Sjá töflu 4-12.

Tafla 4 - 9. Meðalútgjöld almennra einstaklinga fyrir hverja komu í þjálfun og aðra heilbrigðisþjónustu. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19. M.v. fast verðlag í apríl 2019 (lvt.50% og nvt 50%).

Almennir	Meðalútgjöld/komu			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18-2018/19	2016-2018/19
Talþjálfun	8.442	1.806	2.705	50%	-68%
Iðjuþjálfun	5.542	1.176	1.195	2%	-78%
Sjúkraþjálfun	5.968	1.961	2.061	5%	-65%
Klínískir sérgreinalæknar	7.814	6.306	6.583	4%	-16%
Önnur sérgreinalæknisþjónusta	6.084	4.762	5.169	9%	-15%
Heilsugæsla	2.244	1.438	1.409	-2%	-37%
Sjúkrahús/heilbrigðisstofnanir	6.082	3.567	3.563	0%	-41%
<b>Samtals</b>	<b>4.980</b>	<b>2.814</b>	<b>2.878</b>	<b>2%</b>	<b>-42%</b>

Tafla 4 - 10. Meðalútgjöld ellilífeyrisþega fyrir hverja komu í þjálfun og aðra heilbrigðisþjónustu. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19. M.v. fast verðlag í apríl 2019 (lvt.50% og nvt 50%).

Ellilífeyrisþegar	Meðalútgjöld/einstakling			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18-2018/19	2016-2018/19
Talþjálfun	2.715	503	858	71%	-68%
Iðjuþjálfun	1.336	374	410	10%	-69%
Sjúkraþjálfun	1.401	747	802	7%	-43%
Klínískir sérgreinalæknar	2.270	2.929	3.128	7%	38%
Önnur sérgreinalæknisþjónusta	1.567	1.573	1.860	18%	19%
Heilsugæsla	830	658	538	-18%	-35%
Sjúkrahús/heilbrigðisstofnanir	1.826	1.398	1.451	4%	-21%
<b>Samtals</b>	<b>1.484</b>	<b>1.211</b>	<b>1.248</b>	<b>3%</b>	<b>-16%</b>

Tafla 4 - 11. Meðalkostnaður örorkulífeyrisþega fyrir hverja komu í þjálfun og aðra heilbrigðisþjónustu. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19. M.v. fast verðlag í apríl 2019 (lvt.50% og nvt 50%).

Örorkulífeyrisþegar	Meðalútgjöld/komu			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18-2018/19	2016-2018/19
Talþjálfun	2.254	440	738	68%	-67%
Iðjuþjálfun	1.221	273	383	40%	-69%
Sjúkraþjálfun	1.315	739	800	8%	-39%
Klínískir sérgreinalæknar	1.990	2.306	2.409	4%	21%
Önnur sérgreinalæknisþjónusta	1.666	1.629	1.808	11%	9%
Heilsugæsla	848	612	496	-19%	-41%
Sjúkrahús/heilbrigðisstofnanir	1.684	1.193	1.233	3%	-27%
<b>Samtals</b>	<b>1.369</b>	<b>996</b>	<b>1.017</b>	<b>2%</b>	<b>-26%</b>

Tafla 4 - 12. Meðalkostnaður barna fyrir hverja komu í þjálfun og aðra heilbrigðisþjónustu. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19. M.v. fast verðlag í apríl 2019 (lvt.50% og nvt 50%).

Börn	Meðalkostnaður/komu			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18- 2018/19	2016- 2018/19
Talþjálfun	2.318	-	-	-	-100%
Iðjuþjálfun	489	-	-	-	-100%
Sjúkrapjálfun	1.364	155	135	-13%	-90%
Klínískir sérgreinalæknar	941	1.109	809	-27%	-14%
Önnur sérgreinalæknisþjónusta	838	978	796	-19%	-5%
Heilsugæsla*	47	48	42	-13%	-11%
Sjúkrahús/heilbrigðisstofnanir	198	550	435	-21%	120%
<b>Samtals</b>	<b>763</b>	<b>379</b>	<b>287</b>	<b>-24%</b>	<b>-62%</b>

\* Tölur fyrir heilsugæslu eru e.t.v. ekki réttar því eins og komið hefur fram eru heilsugæslur og heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni oft nátengdar og því ekki alltaf greinileg skil á milli hvort reikningur er vegna þjónustu heilsugæslu eða heilbrigðisstofnunar. Þjónusta á heilbrigðisstofnun getur verið með gjaldi fyrir börn en þjónusta á heilsugæslu er gjaldfrjálst fyrir börn.

## Hámarksgreiðslur einstaklinga

Með nýju greiðslupáttökukerfi var sett þak á hámarksgreiðslur einstaklinga og greiða þeir nú að hámarki um 70 þús. kr. á ársgrundvelli. Í eldra kerfi var slíkt þak ekki til staðar og margir greiddu háar fjárhæðir fyrir þjónustuna, rúmlega 20 þúsund manns greiddu hámarksgreiðslu tímabilsins 2017/18 (70.366 kr.) á verðlagi ársins 2016. Sjá töflu 4-13.

Þegar bornar eru saman hámarksgreiðslur einstaklinga í greiðslupáttökukerfinu sést að fjöldi þeirra einstaklinga sem greiða hámarksgreiðslu í nýju kerfi hefur fækkað um 20.678 einstaklinga (-99%). Þá hefur meðalgreiðsla einstaklinga lækkað um 22% frá gildistöku kerfisins. Sé tekið miðgildi heildargreiðslna einstaklinga sést að það hefur lítið sem ekkert breyst á milli tímabila.

Tafla. 4-13. Hámarksgreiðslur einstaklinga í greiðslupáttökukerfinu. Samanburður á árinu 2016 og samsettum árum 2017/18 og 2018/19. Upphæðir í töflu eru á verðlagi hvers árs.

	Hámarksgreiðslur einstaklinga			Breyting	Breyting
	2016	2017/18	2018/19	2017/18- 2018/19	2016- 2018/19
Fjöldi sem að greiddi hámarksgreiðslu	20.855*	97	177	82%	-99%
Hámarksgreiðsla	404.902	70.366	72.781	3%	-82%
Meðalgreiðsla	23.429	17.195	18.227	6%	-22%
Miðgildi	12.253	13.178	13.860	5%	13%

\*Hér er miðað við sömu hámarksgreiðslu og á tímabilinu 2017/18 (70.366 kr.) á verðlagi ársins 2016.